

Ár 2002, föstudaginn 8. nóvember, var í Áfrýjunardómstóli HSÍ uppkveðinn dómur í málinu nr. 2/2002:

Ungmennafélag Selfoss  
gegn  
handknattleiksdeild Hauka

Málið dæma Helgi I. Jónsson, Guðjón St. Marteinson og Benedikt Bogason.

Áfrýjað er dómi Dómstóls HSÍ uppkveðnum 1. þessa mánaðar.

Áfrýjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að staðfest verði, að leikmannasamningur milli Robertas Pauzuaolis og handknattleiksdeildar áfrýjanda frá 20. september 2001 gildi og því beri að synja Robertas Pauzuaolis um félagaskipti og leikheimild með stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara er gerð krafa um, að handknattleiksdeild áfrýjanda skrifi undir leikheimild fyrir Robertas Pauzuaolis úr Selfossi yfir í Hauka.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.